

Miðvikudaginn 10. desember 1997.

Nr. 488/1997.

**X**

(Lúðvík Emil Kaaber hdl.)

gegn

**M og**

**K**

Kærumál. Lögræði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1997, þar sem sóknaraðili var sviptur sjálfræði. Kæruheimild er í 10. gr. lögræðis laga nr. 68/1984. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur og skipuðum verjanda sóknaraðila dæmd þóknun vegna kæru málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

### **D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila, Lúðvíks Emils Kaaber héraðsdómslögmanns, vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti, 15.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1997.**

Með beiðni 16. þ. m. hafa M [f. 1931] og K [f. 1933], bæði til heimilis á . . . , farið fram á það, að sonur þeirra, X [f. 1952], . . . hér í borg, en nú dveljandi á Kleppsspítalanum í Reykjavík, verði sviptur sjálfræði. Var málið þingfest 14. þ. m. og tekið til úrskurðar í dag.

Um aðild sóknaraðila er vísað til a-liðar 1. mgr. 5. gr. lögræðis laga nr. 68/1984. Í beiðninni kemur fram, að ástæða hennar er langvarandi geðsjúkdómur varnaraðila, aðsóknargeðklofi, sem farið hafi að bera á fyrir að minnsta kosti sex árum. Hann hafi verið lagður inn á geðdeild í febrúar 1993 og vistaðist þar til aprílloka. Eftir það var hann í göngudeildarmeðferð fram í desember það ár, en fluttist þá úr landi. Hann hafi komið aftur hingað til lands tæpum tveimur árum síðar og verið lagður inn í nóvember 1995. Hafi hann svo fengið göngudeildarmeðferð þar til í janúar á þessu ári, en þá hætt. Í september hafi hann komið aftur á göngudeildina í sturlunarástandi, enda hættur að taka lyf sín. Fyrir liggur, að dómsmálaráðuneytið lét vista varnaraðila á sjúkrahúsi samkvæmt ákvörðun 1. þ. m.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð Sigurlaugar M. Karlsdóttur geðlæknis, og hefur hún einnig komið fyrir dóm. Hún kveður varnaraðila vera með geðklofa af ranghugmyndagerð. Sé hann haldinn víðtæku ranghugmyndakerfi, þar sem komi við sögu „Reglan“ og AA-samtökin. Þá blandist í það kona, sem hann hafi verið með og hann telji, að beiti gegn sér áhrifum, sem hún hafi í AA-samtökunum. Segir hún þetta vera sama kerfi og hann hafi haft 1993, þegar hún kynntist honum fyrst. Hún segir varnaraðila ekki neyta fíkniefna, svo að vitað sé, og muni sjúkdómur hans ekki tengjast slíkum efnum. Varnaraðili hafi ekkert innsæi í sjúkdóm sinn og ekkert meðferðarúthald. Hann fái ekki innsæi, þótt af honum brái, og sé engin önnur leið til þess að koma við meðferð önnur en svipta hann sjálfræði. Segir hún varnaraðila myndu geta lifað ágætislífi, ef hann tæki lyf, en hann svari vel lyfjameðferð. Hún segir suma sjúklinga, sem eins sé ástatt um og varnaraðila, geta fengið innsæi í sjúkdóminn eftir langa meðferð.

Varnaraðili mótmælir kröfunni og kveðst vera heilbrigður. Segir hann það vera einkennilegt, að hann skuli hvergi vera álitinn veikur nema hér á landi. Hann kveðst vera staddur á spítalanum vegna þess, að lyfjum sé laumað í mat sinn og drykk. Séu konur hättulegar í þessu sambandi, en vill ekki skýra það nánar eða hvers vegna hann telji sér haldið á spítalanum. Aðspurður um það, sem lækirinn segir um ranghugmyndir hans, kveðst hann ekkert vilja segja um það.

Dómarinn hefur og hitt varnaraðila og sannfærst um, að eins er komið fyrir honum og lækirinn segir. Telur dómarinn einsýnt af því, sem rakið hefur verið, að varnaraðili sé vegna geðsjúkdóms síns ófær um að ráða persónulegum högum sínum, og ber samkvæmt því og með vísan til a-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1984 að fallast á beiðni sóknaraðila um, að X, f. 1952, ... hér í borg, verði sviptur sjálfræði.

Greiða ber þóknun úr ríkissjóði skipuðum verjanda varnaraðila, Lúðvík Kaaber hdl. Ákveðst hún 25.000 krónur.

3628

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Varnaraðili, X, ..., í Reykjavík, er sviptur sjálfræði.

Málsvarnarþóknun verjanda, Lúðvíks Kaaber hdl., 25.000 krónur,  
greiðist úr ríkissjóði.

---